
*Sagan á bak við
Tungufellsbúninginn*



Það hafði lengi blundað í mér að sauma skautbúning en það hafði verið fjarlægur draumur. Þegar ég var að þrifa Tungufellskirkju og undirbúa fyrir messu haustið 2013 fékk ég þá hugmynd að nota skreytingarnar á altarinu og umgjörð altaristöflunnar til að sauma á búning. Þessa hugmynd viðraði ég svo við Hildi í Annríki í messunni. Hún taldi að þetta gæti alveg passað inni þau módel sem eru í kringum íslenska þjóðbúninginn þar sem kirkjan er frá síðasta tímabili faldbúningsins.

Ég skráði mig á þriggja ára námskeið sem hófst í Annríki í janúar 2014. Umsjónarmaður þessa námskeiðs var Guðrún Hildur Rosenkjær í Annríki í Hafnarfirði.

Í fyrstu var erfitt að sjá fyrir sér hvernig verkefnið ætti að þróast, en með aukinni

fræðslu og stuðningi frá Hildi þróaðist hugmyndin í það verkefni sem nú er lokið.

Það munstur sem haft er að leiðarljósi við gerð þessa faldbúnings er teiknað upp eftir altarinu í Tungufellskirkju. Munstrið er að finna bæði á altarinu sjálfu og einnig á umgjörð altaristöflunnar og á altarisbríkinni. Til að teikna munstrið tók ég myndir af því og vann myndirnar þannig að ég gæti teiknað það upp og Hildur setti það svo niður til að stimpla á pilsíð.



Tungufellskirkja er byggð árið 1856 en myndirnar á altarinu eru taldar frá fyrri kirkju sem var reist 1831, en þær eru málaðar af Ófeigi Jónssyni frá Heiðarbæ í Þingvallasveit.

Faldbúningurinn tilheyrir síðasta tímabili faldbúningsa áður en skautbúningurinn ruddi sér til rúms í kringum 1860. Það sem einkennir það tímabil er t.d. að þá voru pilsin orðin svört og treyjan síðari. Einnig var spaðafaldur notaður við 19. aldar faldbúningana.

Pilsíð.



Pilsíð er saumað úr svörtu ullarefni sem er meðal þykkt. Það er samfella sem er brydduð með rauðu ullarefni. Munstrið er saumað með blómstursaumi úr Zaphir ullargarni. Pilsíð er að hluta fóðrað með rósóttu skófóðri sem einnig er notað innaná pilsstrenginn. Ég fékk pilsíð í hendurnar 2. maí 2014 og lauk við útsauminn í júlí 2015, það tók því um 15 mánuði að sauma út í pilsíð og var það mjög skemmtilegt verk.

Upphluturinn.



Upphluturinn er saumaður úr rauðu ullarefni og bryddaður með grænu silki. Hann er hefðbundinn 19. aldar upphlutur. Hann er skreyttur með bláum flaelisborða og gylltri snúru að aftan en að framan eru baldýraðir borðar. Ég baldýraði sjálf borðana og breytti munstri sem var til þannig að ég tók efsta hluta blóms af umgjörð altaristöflunnar og setti það í stað blóms sem var á munstrinu. Á upphlutnum eru gylltar englamillur að hluta til gamlar og að hluta til steypar af Ásmundi Kristjánssyni í Annríki. Upphluturinn var saumaður á námskeiði sem haldið var á Flúðum í janúar til apríl 2015,

Hildur var leiðbeinandi á því námskeiði. Þá var einnig saumað svart hefðbundið ullarpils ásamt blússu og svuntu til að hægt væri að nota hann sem 19. aldar upphlut.

Blússan.

Blússan er saumuð úr kremuðu bómullarsatíni með hefðbundnu 19. aldar sniði.

Beltið.



Beltið er svart flaelisbelti fóðrað að innan með sama efni og skófóður og bryddað með grænu silki. Á því eru gylltar stansaðar doppur og gyllt beltispar. Doppurnar og beltisparið er keypt gamalt.

Treyjan.



Treyjan er saumuð úr svörtu ullarefni með hefðbundnu sniði. Hún er skreytt með flaelisskornum og perlusaumuðum borðum að framan, undir flaelisskurðinum er blátt silki. Það munstur er fengið úr safni Hildar í Annríki en það er upprunalega á faldtreyju/skauttreyju sem varðveitt er á Þjóðminjasafninu, munstrið tónar alveg við þau munstur sem fyrir eru á búningnum en

Það er blómamunstur líkt og á baldýringunni og pilsinu.

Kraginn.



Kraginn er flaelisskorinn og perlusaumaður með bláu silki í grunninn. Hann er með sama munstri og skreytingin framan á treyjunni.

Höfuðbúnaður.



Annars vegar er notuð 19. aldar skothúfa með faldbúningi. Skothúfan sem ég nota er þrjónuð af Guðrúnu Alfreðsdóttur og við hana er rauður skúfur. Enginn hólkur er á henni en í staðinn er saumaður Líberyborði.

Hins vegar er notaður spaðafaldur en hann er í vinnslu.

Elín Jóna Traustadóttir
Tungufelli, Hrunamannahreppi.

Íslenski þjóðbúningurinn

Íslenski þjóðbúningurinn hefur verið til frá því að fyrstu heimildir herma. Á 15. – 18. öld mátti sjá konur klæddar einhversskonar faldbúningi, þrýða spássíur íslenskra handrita.



Meira er vitað um búninga frá 18. öld en þá sem eldri eru. Bæði eru til lýsingar og teikningar landkönnuða, búningshlutar hafa varðveist og jafnvel heilu búningarnir frá síðasta hluta aldarinnar. Margir búningar voru íburðarmiklir, úr litskrúðugu klæði, útsaumaðir, skreyttir innfluttum, skrautlegum silkiklútum og hlaðnir ættarsilfri sem gengið hafið konu fram af konu. Efnið var ekki sparað, pilsin voru vel víð og svuntan laus. Á höfði var vafinn krókfaldur en líklega líka skothúfa hversdags og heimavið.



Í upphafi 19. aldar var faldbúningurinn enn almennur en hafði breyst. Hann var dökkur og pilsíð samfella sem sparaði klæði sem annars hefði farið í lausa svuntu. Á höfði hafði krókfaldur þróast í spaðafald eða að notuð var skothúfa. Um miðja öldina var faldbúningurinn orðinn fátíður og á seinni hluta aldarinnar varð skautbúningur Sigurðar

Guðmundssonar sparibúningur í stað faldbúningins ef konur létu sér þá ekki nægja peysuföt eða einhvern allt annan og nútímalegri klæðnað.



Við konungskomuna 1907 var hannaður búningur á þær stúlkur sem þjónuðu í konungsveislum. Þá var tekið mið af upphlutnum sem verið hafði hluti af klæðnaði íslenskra kvenna um aldir án þess þó að teljast sjálfstæður búningur. Búningur þjónustustúlkanna var svartur og skyrtur og svuntur hvítar. Hann vakti mikla athygli og varð til þess að fjöldi kvenna fór að koma sér upp sambærilegum búningum. Upphluturinn varð sjálfstæður búningur. Á tímabili voru notuð alls kyns litskrúðug gerviefni í skyrtur og svuntur en á síðustu áratugum aldarinnar fóru konur aftur að nota hvítar skyrtur og ullarefni í svuntur við 20. aldar upphlut.

Peysuföt tóku líka breytingum hvað varðaði snið og efni. Á 19. öld var peysan aðskorin og með löngum, þröngum ermum. Á fyrri hluta aldarinnar var hún þrjónuð úr fínu ullarbandi og síðan þæfð. Upp úr miðri öldinni varð sífellt algengara að sníða peysuna úr klæði. Á boðunga og fremst á ermar var saumað svart flauel. Að framan var peysan krækt þannig saman að hún var opin yfir barminn svo að þar sást í nærskyrtuna.

Á 20. öld tóku peysufötin nokkrum breytingum hvað varðar efni og snið, ermar urðu víðari og með púff á ermum og notað var svart klæði, silkidamask eða jafnvel flauel í peysuna. Undir peysuna að framan var lagt hvítt peysubrjóst, skreytt blúndu eða útsaumi, sem sá í á opnum barminum.



Nú á dögum er mikil vakning í að endurgera og sauma faldbúninga fyrri alda. Hópar fólks koma saman og njóta fræðslu og leiðbeiningar sérfræðinga sem hafa sérhæft sig í búningum fyrri alda.

Þáttur Sigurðar Guðmundssonar málara er mikill í þróun íslenska búningins og er hann hugmyndasmiður nútíma skautbúningins og kyrtilsins.



Algengast er að Fjallkonan klæðist kyrtli eða skautbúningi á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

(heimildir www.buningurinn.is)

Tungufellskirkja



Kirkja hefur staðið í Tungufelli frá ómunatíð en fyrst er vitað um kirkju þar skömmu eftir árið 1200. Hún var þá helguð Andrési postula. Hún var útkirkja frá Reykjadalaprestakalli en frá árinu 1819 hefur hún heyrt undir Hruna. Kirkjan í Tungufelli hefur alla tíð verið bændakirkja eða allt til ársins 1987 að eigendur gáfu hana Þjóðminjasafninu. Guðsþjónusta er árlega í Tungufellskirkju að hausti.

Kirkja sú sem nú stendur var byggð árið 1856 og er hún timburkirkja, upprunalega bikuð. Árið 1903 var kirkjan klædd járni að nokkrum hluta og seinna að fullu og öllu. Gólfplötur kirkunnar er 22 fermetrar og tekur hún um 30 manns í sæti. Að innan er hún þiljuð með spjaldapili en hvelfing er yfir.



Í Tungufellskirkju er predikunarstóll og altari ásamt ramma utan um altaristöflu, allt útskorið og málað af Ófeigi Jónssyni frá Heiðarbæ í Þingvallasveit. Þessir gripir voru upphaflega smíðaðir inn í eldri torfkirkju sem stóð í Tungufelli og var byggð af Ófeigi sjálfum árið 1831 en viður kirkjunnar hafði verið mjög lélegur þó hann hafi verið sagður nýr kjörviður. Árið 1948 var verulega farið að sjá á kirkjunni og annað hvort varð að gera á henni gagngerar viðgerðir eða byggja nýja.

Tungufellskrossinn var í kirkjunni í stað altaristöflu allt til ársins 1915 er Þjóðminjasafnið eignaðist hann. Krossinn er smelttur kross frá borginni Limoges í Frakklandi og er talinn smíðaður snemma á 13. öld. Aðeins málmplötur voru þá eftir í Tungufellskirkju og höfðu verið festar á töflu yfir altarinu (sjá mynd fyrir ofan), en trékrossinn sjálfur hafði ekki varðveist. Talið er að krossinn hafi upphaflega verið í Skálholtsdómkirkju.

Í stað krossins kom núverandi altaristafla, máluð af Brynjólfi Þórðarsyni, en Matthías Þórðarson þjóðminjavörður hafði milligöngu um að sú altaristafla væri keypt til kirkjunnar.



Klukkan tvær fornar úr kopar hanga í ramböldum á kirkjuloftinu. Þessar klukkur eru meðal elstu kirkjuklukkna á Norðurlöndum en þær eru steiptar fyrir árið 1200. Þessar klukkur eru með svonefndu býkúpulagi.

(Heimild: Kirkjur Íslands; Reykjavík 2001; Hið íslenska bókmenntafélag)